



Reykjavík, 20. janúar 2020

Vátryggingastarfsemi stunduð án tilskilins starfsleyfis

Þann 22. nóvember 2019 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Leiguskjól ehf. (hér eftir einnig „félagið“) hafi brotið gegn 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi (hér eftir „vtsl.“), með því að stunda vátryggingastarfsemi án tilskilins starfsleyfis.

Starfsemi félagsins fólst í að veita ábyrgðarþjónustu með útgáfu sjálfskuldarábyrgða fyrir efndum leigutaka samkvæmt húsaleigusamningum. Nánar tiltekið gaf félagið út yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð, að beiðni leigutaka til handa leigusala. Ábyrgðin var til tryggingar á réttum efndum leigutaka samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningi, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða, sbr. 39. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, en ábyrgðin takmarkaðist við vissa fjárhæð í samræmi við 40. gr. sömu laga. Ábyrgðaryfirlýsinguna gaf félagið út gegn greiðslu mánaðarlegs iðgjalds auk kostnaðar af útgáfu ábyrgðarinnar. Fjárhæð iðgjalds byggði m.a. á þeirri áhættu sem félagið undirgekkst með útgáfu ábyrgðaryfirlýsingar.

Fjármálaeftirlitið hóf skoðun á því hvort ábyrgðarþjónusta félagsins fæli í sér vátryggingastarfsemi.

Með vátryggingastarfsemi er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og hvers konar endurtryggingastarfsemi, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. vtsl. Í 1. mgr. 20. gr. laganna eru tilgreindir þeir greinaflokkar vátrygginga sem falla undir skaðatryggingar og í 15. tl. 1. mgr. 20. gr. vtsl. eru tilteknar efndavátryggingar en tilgangur þeirra er einkum sá, að veita hinum vátryggða vernd gegn fjárhagslegu tjóni af völdum vanefnda annars aðila á skuldbindingum hans.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú, að félagið hafi stundað vátryggingastarfsemi í greinaflokki efndavátrygginga með útgáfu húsaleiguábyrgða. Var í því sambandi einkum litið til þess að megintilgangur starfsemi félagsins var að safna saman í hóp aðilum sem búa við sömu áhættu og flytja hana til félagsins með því að gefa út ábyrgðaryfirlýsingar gegn greiðslu iðgjalds.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Upplýst er um að undirritaður hefur verið kaupsamningar um kaup fjármálafyrirtækis á meirihluta í Leiguskjóli ehf. og mun félagið miðla ábyrgðum fyrir hönd viðkomandi fjármálafyrirtækis. Tekið er fram að niðurstaða Fjármálaeftirlitsins hefur ekki áhrif á gildi þegar gerðra samninga og útgefina ábyrgða félagsins.

Með hliðsjón af atvikum málsins taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að beita félagið viðurlögum í málinu.